

STE-0332 Náms- og kennslustefna LHÍ 2025–2028

Náms- og kennslustefna LHÍ 2025–2028

Listaháskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í þróun lista og skapandi greina á Íslandi. Við erum hreyfiafl í samfélaginu og bjóðum fjölbreytt, nemendamiðað og inngildandi nám á fræðasviði lista þar sem skapandi hugsun er í forgrunni.

Kennslan byggir á ígrundun, samtali og frelsi til vaxtar, þar sem nemandinn er miðja námsins. Námið veitir innsýn í eigin listsköpun og eflir sjálfstæði, gagnrýna hugsun, fræðilega þekkingu, faglega og samfélagslega ábyrgð.

Við leggjum áherslu á aðgengi, jafnrétti og fjölbreytileika. Ólík sjónarhorn dýpka nám og sköpun í öruggu og hvetjandi námsumhverfi sem byggir á trausti og virðingu.

Kennslan tengist samfélaginu og samtímanum, hún sprettur úr listsköpun, rannsóknum og samstarfi við fagfólk og stofnanir.

Stefnan er hluti af heildarstefnu LHÍ og er reglulega endurskoðuð í samráði við nemendur og kennara.

Kennsluhættir og leiðarljós fyrir kennara:

Kennsluhættir við Listaháskóla Íslands endurspegla listrænt hlutverk skólans og samfélagslega ábyrgð hans. Þeir eru í senn skapandi, inngildandi og faglega ígrundaðir. Námið er nemendamiðað og byggir á virku samtali, þverfaglegum tengingum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

- 1. Nemendamiðað nám**
 - Móta námsupplifun í samtali við nemendur og gera þeim kleift að taka ábyrgð á eigin námi.
- 2. Skapandi kennsluhættir sem stuðla að virkni**
 - Beita fjölbreyttum aðferðum sem efla ígrundun, samvinnu og tilraunir.
- 3. Markviss endurgjöf og námsmat til vaxtar**
 - Nýta námsmat sem samtal og leiðsögn, byggt á ferli fremur en aðeins lokaútkomu.
- 4. Inngildandi og aðgengilegt nám**
 - Huga að fjölbreyttum þörfum nemenda og tryggja þátttöku allra.
- 5. Tengingar við samfélag og samtíma**
 - Setja listsköpun og rannsóknir í samhengi við viðfangsefni samtímans og faglega reynslu utan skólans.

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Stefna
Útg.d:	30.1.2026
Útgáfa:	1.0
Áb.maður:	Aðstoðarrektror náms og kennslu
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]